



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Lestur og ritun

ÍSLE1LR05

Kennsluáætlun – vorönn 2017

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

Áfangalýsing

Lestur og ritun er grunnáfangi í íslensku á 1. þrepi. Áfanginn er lokaprófslaus en símat er alla önnina í formi verkefna og prófa. Áhersla er lögð á sjálfstæð, vönduð og skipuleg vinnubrögð sem nýtast munu í öllu almennu námi. Í áfanganum þjálfast nemendur í lestri, ritun, málskilningi og auka orðaforða sinn. Þeir þjálfast í beita tungumálinu með því að fjalla um bókmenntir og ýmis málefni og mynda sér skoðanir sem þeir tjá bæði í ræðu og riti. Nemendur læra að vinna ritanir frá hugmynd til texta, á góðu máli og vel upp byggðar.

Forkröfur: að hafa lokið grunnskóla með einkunnina C eða fornámi sem jafngildir þeim áfanga.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaratriðum í ritun, svo sem byggingu málsgreina, einnar efnisgreina ritunum, greinarmerkjasetningu og þrískiptingu ritunar.
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast til að ræða þau atriði sem nemendur vinna við.
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli.
- mismunandi lestraraðferðum, nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta og helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um þær bókmenntir.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota leiðréttingaforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta.
- bæta eigin málfærni og ná fram mismunandi blæbrigðum í tal- og ritmáli
- draga saman aðalatriði í lesnu efni og efni sem hlustað er á
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni.
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda.
- skilja algengt líkingarmál og orðatiltæki.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með skýru og viðeigandi málfari.
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar.
- rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á ýmsan hátt.
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum.

Grunnþættir: Leitast er við að vinna með grunnþættina í öllu námi nemenda. Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun.

Kennslubækur og kennslugögn

- Annað land, skáldsaga eftir Håkan Lundquist
- Verkefnahefti frá kennara.

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni (sjá nánari skilgreiningu á Moodle)

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5.-6. janúar	Kynning.
2	9.-13. janúar	Stafsetningaræfingar, stafsetningarleikir og könnun
3	16.-20. janúar	Annað land + verkefni, kaflar 1-2 Leshraðamæling, sagan hefst. Áhersla á athygli og leiðir til að skerpa hana. Áhersla á endursagnir. Nemendur skrifa samantek eftir hvern kafla sögunnar.
4	23.-27. janúar	Annað land + verkefni, kaflar 3-4, áhersla á persónur og samkennd. Samantekt
5	30. jan.-3. febrúar.	Annað land + verkefni, kaflar 5-6, áhersla á endursögn og rökstuðning Samantekt
6	6.-10. febrúar	Annað land + verkefni, kaflar 7-8, áhersla á túlkun og sköpun Samantekt
7	13.-17. febrúar	Annað land + verkefni, kaflar 9-10, áhersla á tengsl fólks og samliðan Samantekt
8	20.-24. Febrúar Kátir dagar og flóafár miðv.-föstud.	Annað land + verkefni, kaflar 11-12, áhersla á bókmenntafræði og hugleiðingar. Samantekt
9	27. feb.-3. mars Miðannamat hefst	Annað land + verkefni, kaflar 13-14, áhersla á bréfaskrif
10	6. – 10. mars	Frh. Sögulok og samantekt, ritgerð
11	13.-17. mars Vorfrí þann 17. mars	Listin að segja sögu, ferlisritun smásögu hefst
12	20.-24. mars	Listin að segja sögu, ferlisritun smásögu
13	27.-31. mars	Bókmenntafræði, smásaga
14	3.-7. apríl	Bókmenntir, smásaga og eigin smásaga endurskoðuð og skilað
15	8.-14. apríl Páskafri	
16	16. – 18. apríl Páskafri 19 og 21. apríl Sumardagurinn fyrsti 20. apríl	Ljóð. Stafsetningarkönnun
17	24.-28. apríl	Ljóð
18	1. – 5. maí Frí 1. Maí	Hæfniverkefni
19	8.-10. maí	Framsögn

Kröfur og verkefnaskil

- Ekkert lokapróf er í áfanganum. Námsmat byggist á símati þ.e. margvíslegum verkefnum og könnunum á önninni. Unnið er að hluta til út frá hugmyndum um leiðsagnarmat. Nemendur þurfa að fylgja mjög vel með innlögnum, skrá glósur, vinna verkefni og taka fullan þátt í umræðum hvort sem þær fara fram í litlum hópum eða bekknum í heild. Töluvert verður um heimanám og þurfa nemendur m.a. að lesa stutta skáldsögu heima og fullvinna ýmis verkefni.
- Ætlast er til að nemendur mæti með tölvur í alla tíma því mikil áhersla er lögð á að nemendur nýti leiðréttingarforrit og orðabækur á netinu í námi sínu. Auk þess er mikilvægt að ekki sé verið að eyða tíma í tvíverknað sem felst í því að skrifa sama texta upp tvisvar.
- **Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.**
- Geti nemendur einhverra hluta vegna ekki mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Nemendur þurfa að gæta sérlega vel að skila- og prófdögum. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem tilkynna veikindi á skrifstofu eða hafa leyfi frá skólanum fá að taka sjúkrapróf.
- Nemendur sem ekki sinna námi vegna bókaletningar eða símanotkunar verður vísað úr tíma og fjarvist skráð.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

Annað land

- Vinnubók 20%
- Kannanir 10%
- Samantektir 10%
- Ritgerð 10%

Bómenntafræði

- Smásaga 10%
- Ljóð 10%

Ferlisritun 15%

Framsögn 5%

Stafsetning 10%

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 4. desember 2016.

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

gudbjorgdora@gmail.com og gudbjorgdora@fsu.is